

2025 - 2030

Samkomulag um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna á Íslandi



Embætti landlæknis



Samband íslenskra
sveitarfélaga



Pjókirkjan

Samkomulag um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna á Íslandi

Sálfélagslegur stuðningur (psychosocial support) er sérhæfð þjónusta við fólk sem lendir í alvarlegum atburðum og byggir á viðurkenndum aðferðum til að bregðast við bráðum áfallastreituvíðbrögðum og beinist að því að draga úr uppnámi og stuðla þannig að betri aðlögun eftir áfallið.

Sálfélagslegur stuðningur er afmarkaður, tímabundinn og með áherslu á forvarnir og mat á þörf fyrir frekari eftirfylgd. Þjónustan miðast við þroska og aldur hvers og eins og leitast er við að laga aðstoðina að mismunandi menningarheimum.

Hugtakið alvarlegur atburður er hér notað yfir hættu sem ógnar lífi, limum eða viðurværi fólks sem og reynslu þeirra sem verða vitni að ofbeldi, líkamsáverkum eða dauða.

Þegar alvarlegir atburðir verða sem kalla á virkjun almannavarnakerfisins er mikilvægt að viðhafa samræmd viðbrögð í sálfélagslegum stuðningi við þá einstaklinga og samfélög sem verða fyrir áhrifum. Til þess að tryggja þessa samræmingu gera eftirtaldir aðilar með sér samkomulag um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna á Íslandi:

- Landspítali vegna ráðgjafar áfallateymis Landspítala við heilbrigðisþjónustu í landinu.
- Embætti landlæknis vegna ráðstafana er miðað að því að draga úr heilsutjóni svo og vöktun á líðan og lýðheilsu.
- Rauði krossinn á Íslandi vegna sálfélagslegs stuðnings.
- Ríkislögreglustjóri vegna skipulags sálfélagslegs stuðnings í almannavarnaástandi.
- Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þjónustu sveitarfélaga við íbúa með áherslu á samfélagsþópa sem eru í viðkvæmri stöðu, t.d. börn og íbúa af erlendum uppruna.
- Þjóðkirkjan vegna ráðstafana um sálgæslu og þjónustu kirkjunnar við íbúa.

Sálfélagslegur stuðningur þegar almannavarnaástand ríkir fellur undir skipulag almannavarna (lög nr. 82/2008 15. grein). Sálfélagslegur stuðningur í skipulagi almannavarna er veittur af fagfólki og sérþjálfuðum sjálfbóðaliðum.

Fyrirkomulag samkomulags

Skipaðir eru tvennskonar samráðshópar sem tengjast inn í almennt stjórnskipulag almannavarna á Íslandi:

- Samráðshópur um sálfélagslegan stuðning á landsvísu, sem tengist inn í samhæfingarstöð almannavarna (SST).
- Samráðshópur um sálfélagslegan stuðning í lögregluumdæmi, sem tengist inn í aðgerðastjórn hvers lögregluumdæmis (AST).

Samráðshópar um sálfélagslegan stuðning samanstanda af fagfólki sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sálfélagslegum stuðningi og þeim úrlausnum sem til staðar eru hverju sinni.

Samráðshópur um sálfélagslegan stuðning á landsvísu

Í samráðshópi um sálfélagslegan stuðning á landsvísu sitja fulltrúar þeirra stofnana er eiga aðild að þessu samkomulagi. Hópurinn fundar reglulega, ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði og starfar samkvæmt samkomulagi þessu. Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi er hópstjóri samráðshópsins á landsvísu og boðar mánaðarlega fundi hópsins.

Hópurinn mótar stefnu um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna og gætir þess að gagnreynd þekking og úrlausnir á sviði sálfélagslegs stuðnings endurspeglis í skipulagi hans á hverjum tíma og að sú þekking berist til samráðshópa í lögregluumdæmum. Hópurinn skal setja sér starfsreglur um vinnufyrirkomulag, boðun, skjölun og aðra þætti er snúa að starfsemi hópsins og samráðshópa í lögregluumdæmum. Hópurinn skal vera ráðgefandi fyrir yfirvöld og styðja við starfsemi samráðshópa í umdæmum lögreglunnar, þ.m.t. að tryggja skipulag á viðeigandi stuðningi við þá aðila sem sinna sálfélagslegum stuðningi í umdæminu.

Hópurinn skal styðja við gerð langtímaáætlana um sálfélagslegan stuðning, hvort sem er innan SST eða þjónustumiðstöðvar almannavarna. Stofnanir þær sem eiga aðkomu að samkomulagi þessu skulu tryggja að upplýsingar berist frá hópnum til viðeigandi fagráðuneyta og eftir atvikum óska eftir tengiliðum frá ráðuneytunum við hópinn.

Samráðshópar um sálfélagslegan stuðning í umdæmum lögreglustjóra

Í samráðshópi um sálfélagslegan stuðning í lögregluumdæmum sitja fulltrúar Rauða krossins, heilbrigðisstofnana í umdæminu, sveitarfélaga í umdæminu (málefni skóla- og velferðarþjónustu), kirkjunnar og viðkomandi lögregluembættis. Hóparnir funda alla jafna ársfjórðungslega, fyrir utan þá fundi sem haldnir eru vegna alvarlegra atburða. Hópstjóri hópsins er fulltrúi Rauða krossins, eða annar meðlimur sem hópurinn kemur sér saman um. Utanumhald um upplýsingar um meðlimi hópsins er í höndum hópstjóra sem sér til þess að réttar upplýsingar séu til staðar hjá ofangreindum hópi sem starfar á landsvísu.

Hlutverk samráðshópa í lögregluumdæmum er nýta þá þekkingu sem meðlimir hópsins hafa til þess að tryggja stuðning við nærsamfélagið og hafa yfirsýn yfir sálfélagslegan stuðning, bjargir og þarfir samfélagsins þegar alvarlegir atburðir hafa átt sér stað. Samráðshópar í lögregluumdæmum skulu vera ráðgefandi við yfirvöld og stofnanir á viðkomandi svæði og vinna áætlun um hvernig sálfélagslegur stuðningur flyst frá Rauða krossinum til nærsamfélagsins þegar neyðaraðgerðum lýkur eða eftir því sem aðgerðum vindur fram. Hafi þjónustumiðstöð almannavarna verið opnuð í tengslum við aðgerðir þá skal hópurinn starfa í nánu samstarfi við hana.

Virkjun samkomulagsins

Nokkrar grundvallarreglur gilda um virkjun samkomulagsins og boðun samráðshópa (á landsvísu og í lögregluumdæmi):

- Samkomulagið virkjust þegar neyðarstigi almannavarna í lögregluumdæmi er lýst yfir. Skal þá hópstjóri samráðshóps í lögregluumdæmi boða til fundar í hópnum tafarlaust.
- Samkomulagið er hægt að virkja á óvissu- og hættustigi almannavarna eftir því sem að tilefni er til. Hópstjóri samráðshóps á landsvísu og samráðshóps í viðkomandi lögregluumdæmi skulu hafa samráð um virkjun hópsins ef lýst er yfir óvissu- eða hættustigi.
- Aðilar samkomulagsins eru sammála um að hægt sé að virkja samkomulag þetta utan almannavarnaástands þegar atburðir verða sem kalla á umfangsmikla samhæfingu

sálfélagslegs stuðnings. Þetta getur t.d. átt við í tengslum við voveiflega atburði sem hafa mikil áhrif á nærsamfélagið. Beiðni um virkjun vegna slíkra atburða getur komið frá öllum meðlimum hópsins.

Boðun

Boðun samráðshópa getur verið mismunandi eftir eðli atburða. Aðilar samráðshópa bera sameiginlega ábyrgð á því að leggja mat á þörf á samræmingu sálfélagslegs stuðnings vegna þeirra atburða sem þeir sinna í daglegum störfum sínum. Meti þeir það sem svo skulu þeir upplýsa hópstjóra samráðshóps sem ber ábyrgð á boðun hópsins í samræmi við það fyrirkomulag sem er ríkjandi í viðkomandi lögregluumdæmi.

Samráðshópur á landsvísu tryggir að upplýsingar um virkjun almannavarnastigs berist hópstjóra samráðshóps í lögregluumdæmi og styður við mat á þörf fyrir samræmingu á sálfélagslegum stuðningi, t.a.m. vegna yfirvofandi atburða.

Samkomulag þetta gildir í fimm ár frá undirritun.

Reykjavík 30. október 2025

Fyrir hönd Ríkislögreglustjóra

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fyrir hönd embættis landlæknis

Fyrir hönd Landspítala

Fyrir hönd Þjóðkirkjunnar

Fyrir hönd Rauða krossins á Íslandi

Viðauki I

Eftirfarandi aðilar skipa samráðshóp um sálfélagslegan stuðning á landsvísu árið 2025. Formaður samráðshóps á landsvísu er ábyrgur fyrir uppfærslu á viðauka þessum.

Almannavarnasvið ríkislögreglustjóra

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir

ingibjorg@almannavarnir.is

Embætti landlæknis

Tryggvi Hjörtur Oddsson

tryggvi.h.oddsson@landlaeknir.is

Landspítali – áfallateymi

Agnes Björg Tryggvadóttir

agnesbt@landspitali.is

Rauði krossinn á Íslandi

Elfa Dögg S. Leifsdóttir

elfal@redcross.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

María Ingibjörg Kristjánsdóttir

maria.kristjansdottir@samband.is

Þjóðkirkjan

Ásta Ágústsdóttir

Asta.Agustsdottir@kirkjan.is

Eva Björk Valdimarsdóttir

eva.va@kirkjan.is